

# Varða í Suðurnesi

Úti og grenndarnám á Seltjarnarnesi  
Verkefnabanki í Sjónlistum

## Varða í Suðurnesi

Varða í Suðurnesi stendur rétt við fjöruborðið yst á Seltjarnarnesi í útjaðri golfvallarins. Talið er að fyrsta varðan hafi verið reist hér árið 1780 til þess að auðvelda siglingu um Valhnúkasund. Varðan hefur verið endurreist oftár en einu sinni.



### Markmið

Í þessum verkefnum velta nemendur fyrir sér hugtakinu varða. Nemendur búa til sín eigin skilti og merkingar og velta fyrir sér upplýsingagjöf, merkingum og hvað þeir myndu vilja segja ef þeir hefðu tækifæri á að láta rödd sína heyrast.

### Aðferð / Útfærsla

Nemendur fara í vettvangsferð með kennara og vinna verkefnin þegar til baka er komið í kennslustofu. Ef um lengri vettvangsferð er að ræða og veður leyfir er hægt að vinna verkefnin utandyra eða fá aðstöðu innandyra td. í fræðasetrinu úti í Gróttu.



### Efni

Pappír, þykkur pappír, afgangsplötur eða annað endurnýtanlegt efni til að búa til skilti og merkingar úr. Prik, spítur eða annað til að setja skiltin á. Límbyssur, hamar og naglar, reipi, teip, trélím, heftibyssur.

### Snertifletir við aðrar greinar

Saga, samfélagsfræði, smíði, íslenska

# Varða í Suðurnesi

6 - 13 ára

## Verkefni #1 Skilti og merkingar

### Vangaveltur

Hvað er varða?

*Varða* er steinhraukur sem er hlaðinn til vegvísunar yfirleitt um fjöll og óbyggðir en einnig til að sýna landamæri, skil milli bújarða eða benda á siglingaleiðir með ströndum fram og jafvel vísa á fengsæl fiskimið.

Að *varða* veg merkir að hlaða vörður meðfram honum, ferðamönnum til leiðbeiningar og öryggis.

### Aðferð

Búum til okkar eigin skilti, platta, fána eða merkingar.

Hvað viljum við segja? Hvaða upplýsingar viljum við gefa?

Á skiltið má skrifa ljóð, brandara, setningu, skilaboð eða teikna mynd og skrifa jafnvel bara eitt orð.

Einnig er hægt að búa til auglýsingu, leiðbeiningar eða upplýsingaspjald.

### Listamenn til að skoða

Einar Garibaldi

<http://einargaribaldi.is/>

Banksy

<https://www.streetartbio.com/artists/banksy/>

Listamenn sem nota texta

<https://mymodernmet.com/text-art-masters/>

### Aðrar tengingar

Störnumerkin

Blindraletur

Táknmál

Alls kyns mismunandi

leiðbeiningar og merkingar

Umferðarmerki

Stærðfræði

# Varða í Suðurnesi

## Dæmi um skilti og merkingar



"Ignore the sign" (Skilti í Finnlandi)

